

einungis þeir sjálfir, heldur kyn þeirra og ættingjar og vélgyjörðamennn, nú látnir; og eins og þeir eru nú hreyfðir til örlætis, svo mun og guð og þeir heilögū postular, Pétur og Páll, og allir helgir menn, hverr ~~í~~ skamir hvílast í Róm, varðveita þá í friði í þessum táradal og leiða þá um hann inn í hið eilífa sélurríki.— Færíð eilífar þakkir hinum æruverðu sóknarprestum og prelátum, í nafni áðurnefndra og mínu etc.,

Brot þetta, úr ræðu Tetzels, er tekið úr þyðingu Pennsylvania háskólans, „Reprints from the Original Sources of European Hist.” Eins og ræðubrot þetta, eða áskorun til sóknarprestanna ber með sér, er agt ríkt á eign „andlegra fjársjóða” kyrkjunnar, er hún öðlast fyrir tilverknað dýrðlinga sinna og fyrir dauða Jesú. Af þeim getur hún miðlað. Á þá gefur hún ávisanir geggan sanngjörnu verði. Þessi hugmynd er óaðskiljanleg allri orþodoxri kenning, hverju nafni sem nefnist, er heldur fram syndafalli, endurlausn og umboði kyrkjunnar að veita sáluhjálp fyrir verðskuldan Jesú dauða. Alveg hið sama felst í Sakramentum hennar að réttu lagi, bæði skírnar og kvöldmáltíðar, og hefði þó Lúther eins vel mátt andæfa þeim sem synda lausnar sölunni. Ef kyrkjan á engan góðverkasjéð sem hún getur selt, þá á hún engan er hún getur gefið. Hún á þá alls engan. Og gagni ekki skrifaað blað, með ákalli til guðs og innisigli vígðra manna, getur tæplega brauð og vín boríð meiri kraft til sáluhjálpar, þó blesaað sé. — Enda trúá því engir nú orðið.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

UTGEFENDUR: NOKKRIR ISLENDINGAR í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.